



**Ársskýrsla fimleikadeildar Aftureldingar 2006**

## 1. Starfsemi Fimleikadeildar Aftureldingar

Fimleikadeild Aftureldingar er á sínu áttunda starfsári og hefur vegur deildarinnar vaxið hratt. Alltaf eru næg verkefni framundan en rétt er að minna á skrefin sem tekin hafa verið. Fyrir þremur árum síðan stunduðu 110 börn æfingar við deildina á dýnum, kössum og kistum sem ætluð eru til almennrar íþróttakennslu. Nú eru 250-260 vel þjálfaðir Mosfellingar á öllum aldri sem stunda fimleika á fullgildum fimleikaáhöldum.

Til þess að byggja upp félag af þessu tagi á metnaðarfullan hátt þurfa margar samhentar hendur að vinna saman. Það þarf stuðning bæjarfélags og aðalstjórnar, öflugra stjórn og framkvæmdastjóra, vel menntaða og metnaðargjarna þjálfara, öflugt foreldrafélag og stækkandi stuðningsnet foreldra. Þetta hefur allt verið til staðar í Mosfellsbæ. Mosfellsbær og Afturelding hafa stutt fimleikadeildina með ráðum og dád í hraðri uppbyggingu m.a. með úthlutun styrkja vegna áhalda á undanförunum árum. Nú í haust keypti bæjarfélagið fibergólf ásamt lendingardýnu og kubbum sem deildin þurfti nauðsynlega á að halda til þess að styðja við áframhaldandi uppbyggingu.

Stjórnin hefur verið samstíga og þjálfaragrunnur deildarinnar styrkist með hverju námskeiðinu sem þeir sækja. Hjá deildinni starfar öflugt foreldrafélag sem sér m.a. um fjáraflanir deildarinnar og styður við atburði og annað starf hennar.

Glæsilegur árangur fimleikabarna í Mosfellsbæ hefur hvarvetna vakið mikla athygli í fimleikaheiminum. Kynningarstarf hefur verið fastur liður í starfsemi deildarinnar í samræmi við markmið hennar að stækka og eflast í takt við jafnan vöxt í bæjarfélaginu. Gefin hafa verið út fréttabréf og auglýsingar reglulega þegar um atburði á vegum deildarinnar hefur verið að ræða þannig að bæjarbúar geti sem best fylgst með starfinu.

Nokkuð hefur verið rætt um aðstöðu deildarinnar meðal foreldra og þjálfara og þarf þar vissulega að gera bragarbót á en það tengist þó aðstöðumálum Aftureldingar í heild. Bæta þarf aðstöðu Fimleikadeildinnar og má gera það með því að festa deildinni einn sal í íþróttahúsinu að Varmá. Þar gæti deildin stækkað og dafnað þar til tímabært verður að byggja sérútbúið fimleikahús.

Sigríður Hrund 27.2.07 21:38

Deleted: gn

## 2. Mót og aðrir stórviðburðir

Börn úr Fimleikadeildinni slógu öll met um fjölda verðlaunapeninga á síðasta ári, komu aldrei tömhent heim af móti. [Mjög mikilvægt er fyrir börnin að fá að sinna þessum þætti íþróttarinnar, enda kemur uppskera og afrakstur fram á mótum sem á sýningum.](#)

### 2.1 Einstaklingsmót í almennum fimleikum

Á Íslandsmóti einstaklinga í 2.-6. þrepi stúlkna og 1.-3. þrepi drengja kom Afturelding heim með 17 verðlaunapeninga. Þeir sem unnu til verðlauna og voru á meðal 10 efstu á Íslandsmóti áskildu sér rétt til þess að keppa á meistaramóti í fimleikum sem haldið var sömu helgi. Arnar Logi Lútersson tók ásamt fleirum þátt og var með hæstu einkunn á meistaramótinu 2006 og var því Íslandsmeistari í 1 þrepi drengja 2006. Telma Þrastardóttir var með þriðju hæstu einkunn á mótinu. Einnig keppti Lára Kristín Pedersen í 3. þrepi en hún varð Íslandsmeistari á meistaramóti árið áður í 1. þrepi stúlkna. Lára ákvað að hoppa yfir eitt þrep og var hún því með yngstu keppendum í þriðja þrepi en hafnaði með glæsibrag í 4. sæti og var önnur inn á meistaramótið. Brynja Ragnasdóttir náði einnig inn á meistaramótið í 2. þrepi, og stóð sig með þryði.

Sigríður Hrund 27.2.07 21:40

Formatted: Font:Bold

Sigríður Hrund 27.2.07 21:40

Formatted: Font:Bold

Sigríður Hrund 27.2.07 21:40

Formatted: Normal, Left

Sigríður Hrund 27.2.07 21:40

Formatted: Font:Verdana, 10 pt, Bold

Sigríður Hrund 27.2.07 21:39

Deleted: ja

### 2.2 Gull í Bjarkarheimilinu

P-2 hópurinn hreppti gullverðlaun á hóp fimleikamóti sem haldið var í Bjarkarheimilinu í vikunni fyrir páska. Afturelding sendi í fyrsta sinn fjögur

Sigríður Hrund 27.2.07 21:40

Deleted: 1

keppnislið, P-2, P-1, M-10 og drengjalið. Öll liðin stóðu sig frábærlega vel. Sami hópur hreppti síðan silfrið á hóp fimleikamóti í Þorlákshöfn skömmu síðar.

### 2.3 Silfur á Páskamóti

M-10 stúlkurnar fengu silfurverðlaun á hóp fimleikamóti sem haldið var á Þorlákshöfn rétt fyrir páska. Stúlkurnar, sem núna tilheyra P-1, hafa staðið sig einstaklega vel og eru mjög efnilegar. Drengjahópur deildarinnar tók einnig þátt í sínu fyrsta móti á Þorlákshöfn og hreppti þriðja sætið á mótinu.

Sigríður Hrund 27.2.07 21:42  
Deleted: hópnum

### 2.4 Innanfélagsmót Aftureldingar

Mikil samkeppni var á meðal Aftureldingarbarna á innanfélagsmóti sem haldið var á vordögum. Lára Kristín Pedersen er meistari Aftureldingar í fimleikum og hlaut flest samanlögð stig. Lára keppti í 4. þrepi b. Í öðru sæti í samanlögðum stigum var Telma Þrastardóttir og Kristjana Valdís Guðjónsdóttir lenti í því þriðja. Telma Þrastardóttir hreppti auk þess gullið á öllum áhöldum í 3. þrepi b. Í öðru sæti var Brynja Ragnarsdóttir. Inger Ósk Sandholt var stigahæst í 2. þrepi.

Sigríður Hrund 27.2.07 21:42  
Formatted: Justified

Í öðru 3. b varð Sveinbjörg Lilja Guðrúnardóttir stigahæst og lenti hún einnig í öðru sæti á gólfi og trampólíni og þriðja sæti fyrir æfingar á dýnu og stökk. Ísabella Ýr Finnsdóttir, hreppti gullið í stökki og trampólíni og var önnur stigahæst í sínu þrepi. Díana Mjöll Stefánsdóttir hlaut gullið fyrir gólfæfingar, silfur fyrir dýnu og brós fyrir trampólín. Eva María Guðmundsdóttir hlaut gull fyrir dýnu og brons fyrir gólfæfingar í 2. þrepi b. Ingunn Erla Kristinsdóttir hlaut silfrið fyrir stökkæfingar.

Sigríður Hrund 27.2.07 21:42  
Deleted: þriðja

Sigríður Hrund 27.2.07 21:42  
Deleted: öðru

Sigríður Hrund 27.2.07 21:42  
Deleted: þrepi

Sigríður Hrund 27.2.07 21:43  
Deleted: öðru

Kristjana Valdís Guðjónsdóttir var stigahæst í 1. þrepi en hún fékk einnig gull fyrir trampólín og silfur fyrir gólf og stökk. Halla Björk Ásgeirsdóttir fékk gullið fyrir stökk og brons fyrir trampólín í 1. þrepi. Sigríður Vala Finnsdóttir hreppti gullið fyrir dýnu og brons fyrir gólfæfingar í 1. þrepi. Lilja Guðrún Róbertsdóttir hreppti gullið fyrir gólfæfingar og Birta Jónsdóttir fékk silfur á dýnu og brons á gólfi. Brynja Hlíf Hjaltaadóttir fékk brons fyrir stökk.

Sigríður Hrund 27.2.07 21:43  
Deleted: fyrsta

Sigurður Jóel Sigurðsson Wium sigraði í strákaflokki á dýnu og einnig á trampólíni. Arnþór Víðir Vilmundarson varð í öðru sæti og Henrik Andreas Ásgrímsson í því þriðja.

Sigríður Hrund 27.2.07 21:43  
Deleted: a

### 2.4 Íslandsmót í almennum fimleikum

Stúlkur úr Fimleikadeild Aftureldingar komu, sáu og sigruðu á Íslandsmóti í almennum fimleikum sem haldið var á haustdögum. Fyrir hönd Aftureldingar kepptu 14 stúlkur í 2. þrepi og komu þær heim með 11 verðlaunapeninga. Stúlkurnar voru bæði úr P-1 og P-2 og kepptu bæði í 1. og 2. þrepi. Eva María Guðmundsdóttir fékk gull og 2 silfur, Birta Jónsdóttir hreppti gull og brons, Agnes Ýr Gunnarsdóttir fékk silfur, Karen Anna Sævarsdóttir fékk gull og brons, Sveinbjörg Lilja Guðrúnardóttir hreppti silfur, Halla Björk Ásgeirsdóttir brons og Inger Ósk Sandholt fékk gull. Allir keppendur stóðu sig vel og á heildina var þetta frábær árangur hjá Aftureldingu.

Sigríður Hrund 27.2.07 21:44  
Deleted: j

Afturelding tók jafnframt þátt í upphitunarmóti í Hveragerði á haustdögum. Á mótinu kepptu tæplega 40 stúlkur frá Mosfellsbæ og komu heim með 17 verðlaunapeninga. Keppt var í þremur þrepum, 2. þrepi, 1. þrepi og 1. þrepi b.

### 2.5 Gull á Fylkismóti

P-1 hópurinn, (sem fyrr á árinu hét M-10) sigraði á hóp fimleikamóti sem haldið var hjá Fylki um miðjan nóvember. Hópur M-10 lentu í þriðja sæti. Hvorki né minna en fimm keppnislið komu úr Mosfellsbænum, þar af 4 stúlkna lið og eitt drengja lið. Hin liðin stóðu sig einnig prýðilega. Um var að ræða fyrsta hóp fimleikamót sem þessi nýi M-10 hópur tók þátt í.

### 2.6 Silfur á fyrsta FSÍ móti

P-2 flokkur Aftureldingar tók heim silfur fyrir stökk á trampólíni og brons fyrir dans á hóp fimleikamóti FSÍ sem haldið var á Selfossi á haustdögum. Mótið var hið fyrsta innan FSÍ sem hópur frá deildinni tók þátt í. Stúlkurnar kepptu í flokki unglunga eftir svokölluðum FSÍ reglum en þar eru gerðar strangari kröfur heldur en á byrjendamótum sem þær hafa hingað til keppt á. Þessi árangur er án efa einn af þeim stærri sem fimleikadeildin hefur unnið.

### 3. Sýningar og skemmtanir

Hin árlega vorsýning var haldin í apríl og tókst hún í alla staði mjög vel. Þar sýndu stúlkur og drengir á aldrinum 3. – 15. ára listir sínar við mikinn fögnuð áhorfenda.

Boðið var upp á skemmtilegar æfingar í fullkomnasta fimleikahúsi landsins, Bjarkarhúsinu í Hafnarfirði um það bil einu sinni í mánuði fyrir alla hópa nema leikskólahópa. Æfingarnar mæltust mjög vel fyrir og gátu börnin nýtt sér æfingar í gryfju og fjölda áhalda sem deildin ræður ekki yfir.

Fimleikadeildin bauð upp á sumarnámskeið jafnt fyrir fimleikabörn sem og þau sem ekki hafa stundað fimleika. Það mæltist mjög vel fyrir.

Jólasýning Fimleikadeildarinnar hefur aldrei verið jafn glæsileg en hún var haldin 2. desember. Gestir sýningarinnar voru vel á fimmta hundrað og sló hún öll aðsóknarmet. Börnin sýndu listir sínar í glæsilegum Disneybúningum.

Á sýningunni lyfti "Boris", STERKASTI MAÐUR ÍSLANDS, hálfu tonni af fimleikastelpum. Lyftan var liður í áheitasöfnun keppnishópa sem næsta sumar ætla í æfingabúðir til Slagelse í Danmörku. Stúlkur úr hópnum gengu í hús og söfnuðu áheitu fyrir sýningu og gekk fjáröflunin vel.

### 4. Foreldrafélag

Hjá deildinni er starfandi öflugt foreldrafélag og stóð það fyrir fjáröflunum á vorsýningu, innanfélagsmóti og jólasýningu. Stjórnin hafði sjálf umsjón með kökuhlaðborði í Hlégarði á Þjóðhátíðardaginn og rann allur ágóði söfnunarinnar til áhaldakaupa deildarinnar. Fyrir fjáröflunarfé deildarinnar var m.a. keypt nýtt trampólín ásamt dýnum og renningum.

### 5. Framundan

Samkvæmt tölum frá ÍSÍ þá eru fimleikar í fimmta sæti hvað iðkendafjöldi varðar og er talið að iðkendur séu um 7.000 á landinu öllu. Fimleikar eru jafnframt ein þeirra íþróttagreina sem íslenskt afreksfólk hefur í raun náð hvað lengst á alþjóðavettvangi. Nú á Ísland t.d. fimm hugsanlega keppendur á Ólympíuleikana 2008 í Aþenu.

Fimleikar eru þannig jafnframt sú íþróttgrein sem Afturelding hefur náð hvað lengst í ef marka má verðlaunafjölda. Það er því synd að þurfa að stöðva þennan uppbyggingarhraða sem verið hefur á deildinni. Fimleikadeildin er hætt að auglýsa starfsemi sína enda er ekki rými fyrir fleiri börn með þeim tímum sem úthlutað er í sal. Deildin getur því ekki með góðu móti sinnt þeim mikla fjölda barna sem vilja æfa fimleika. Á þremur árum hefur börnum í fimleikum fjölgað um 150. Framtíðarspá bæjarins gerir ráð fyrir að Mosfellsbær vaxi í það minnsta úr um 7.000 manna bæjarfélagi í 10.000 manna bæjarfélag innan tíðar. Það má því búast við að ásókn í íþrótt eins og fimleika aukist í takt við það og deildin geti þess vegna stækkað um 50 börn á árin eins og verið hefur. Þau fimleikafélög sem bætt hafa aðstöðu sína hafa stækkað, þannig fjölgaði iðkendum í Gerplu úr 650 í tæplega 1100 þegar Gerpla fékk fimleikahús.

Fimleikadeildin leggur mikla áherslu á að fá úthlutað sal fyrir sig. Fimleikaáhöld eru þung og þjálfarar og börn þurfa að tæma salinn á hverjum degi og flytja áhöldin í

Sigríður Hrund 27.2.07 21:46

Deleted: 0

þröngu geymslu. Hvorki stjórn, foreldrafélag, börn, þjálfarar né foreldrar eru sátt við það fyrirkomulag.

## 6. Helstu markmið ársins

Fimleikadeildin hefur sett sér nokkur markmið fyrir árið til þess að unnt verði að viðhalda þeim uppgangi sem verið hefur hjá deildinni.

Til þess að viðhalda og auka vöxt deildarinnar er nauðsynlegt að tryggja deildinni samanstað í einum sal. Eins og staða mála er nú er erfitt að bæta við börnum þar sem æfingatími í salnum er takmarkaður. Fimleikaáhöld eru þung og nauðsynlegt er að deildin hafi sinn eigin sal til umráða og þurfi ekki að flytja áhöld úr stað eftir hverja æfingu.

Eitt af markmiðum fyrir árið 2007 er að efla keppnishópa deildarinnar með því að fara í æfingabúðir til Slagelse í Danmörku með hópana P-1 og P-2 sem lengst eru komnir. Þar er aðstaða eins og hún gerist best og börnin munu vera við skemmtilegar æfingar í rúma viku.

Í lok árs var nýr yfirþjálfari ráðinn til deildarinnar, Sigríður Hrund Pétursdóttir, sem deildinni er að góðu kunn. Sigríður sá um uppbyggingu Fimleikadeildarinnar á fyrstu árum hennar. Anna Gréta Ólafsdóttir, fráfarandi yfirþjálfari deildarinnar lét af störfum. Sigríður mun einbeita sér að því að efla samvinnu þjálfara og stuðla að því að auka þekkingarstig þeirra og þar með bæta um betur í þjálfun.

Framundan er áframhaldandi uppbyggingarvinna þar sem byggt verður á því góða starfi sem átt hefur sér stað í deildinni. Stjórn mun áfram einbeita sér að aðstöðumálum og þjálfarateymi að uppbyggingu þjálfunar. Fjáröflun verður í höndum foreldrafélagsins. Þetta er sterkur og metnaðargjarn hópur sem sameinaður mun halda áfram að koma Aftureldingu í fremstu röð í fimleikum.

Sigríður Hrund 27.2.07 21:48  
Formatted: Justified

*Stjórn Fimleikadeildar Aftureldingar:*

Eva Magnúsdóttir, formaður

---

Valborg S. Konráðsdóttir, ritari

---

Herbert Pedersen, gjaldkeri

---

Halla Heimisdóttir, meðstjórnandi,

---

Anna Margrét Arnardóttir, framkvæmdastjóri

---